


DANSKA SENDINGIN 1928

DEN DANSKE AFLEVERING 1928





ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

**DANSKA SENDINGIN 1928
DEN DANSKE AFLEVERING 1928**

Útgefandi/Udgiver:

Þjóðskjalasafn Íslands
Laugavegi 162
105 Reykjavík
5903300
upplysingar@skjalasafn.is
www.skjalasafn.is

Héraðsskjalasafnið á Ísafirði.

Ritstjórar/Redaktører:

Unnar Rafn Ingvarsson
Gunnar Örn Hannesson
Eiríkur G. Guðmundsson

Hönnun og umbrot/Layout:

Kría hönnunarstofa

Prentun/Trykning:

Ednasprint, Slóveníu

Pappír/Papir:

Munken Lynx 150g / Munken Lynx Rough 300g

Letur/Skrifftype:

Bembo Regular & Bold
Brandon Regular & Bold

ISBN: 978-9979-876-32-8

Ljósmyndir/Fotografier:

Gunnar Sverrisson
Þjóðskjalasafn Íslands
Þjóðminjasafn Íslands

DANSKA SENDINGIN 1928

DEN DANSKE AFLEVERING 1928



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

FORMÁLI

Við sem störfum á skjalasöfnum gerum okkur ljóst hve margslungið hlutverk skjöl hafa og hversu mikilvæg þau eru. Skjöl hafa stjórnarfarslegt gildi, sögulegt gildi og ekki má líta framhjá tilfinningalegu gildi þeirra, sem getur verið af ólíkum rótum. Hagsmunaðilar geta verið ríki, þjóðir, landsvæði, hópar eða einstaklingar. Og sagan sýnir að lengi hefur verið tekist á um réttinn til að eiga eða varðveita skjöl.

Mörg eru dæmi þess að skjalasöfn, sem eiga uppruna sinn í einu landi, hafa verið flutt til annars lands af ýmsum ástæðum. Til þess að stjórna hjálendum og nýlendum þurftu ríki að hafa gott yfirlit yfir stjórnlyslu sína og þegna. Þannig safnaðist mikjöld magn upplýsinga í stjórnarmiðstöðvum slíkra ríkja, svo sem konungsrikja í Evrópu. Skjöl með þessum upplýsingum geta haft mikla þýðingu fyrir lönd sem nú eru sjálfstæð og á þeim forsendum gera þau kröfu um að fá til sín skjöl sem þau varða. Þá er þekkt að í kjölfar stríðsátaka hafa skjöl verið flutt milli landa. Í mörgum löndum hafa kröfur um breytt heimkynni skjala, um endurheimt skjalasafna, ekki verið leidd til lykta. Enda eru þessi mál flókin og það getur tekið langan tíma að greiða úr þeim og finna lausnir.

Ísland á sér slíka sögu um skjalakröfur enda var það um aldir hluti af danska ríkinu allt fram á 20. öld. Vegna þessa sambands urðu eðlilega til miklar upplýsingar um Ísland í höfuðstöðvum danska ríkisins í Kaupmannahöfn. Bæði er um að ræða skjöl sem urðu til á Íslandi og skjöl sem mynduðust í stjórnarskrifstofunum í höfuðborg ríkisins. Auk skjalakrafna verður að nefna þekktasta málið, kröfu Íslendinga um að fá til baka handrit úr

Konungsbókhlöðu og safni Árna Magnússonar í Kaupmannahöfn. Handrit sem höfðu verið flutt frá Íslandi til Danmerkur á síðari öldum. Því máli lauk, eftir áratuga baráttu Íslendinga, með samningi milli Íslands og Danmerkur árið 1961. Samkvæmt honum var stór hluti þessara íslensku handrita fluttur frá Danmörku til Íslands á árunum 1971-1997.

Annað mál, sem færri kannast við en er ekki síður merkilegt, eru skjalaskipti milli ríkjanna sem fram fóru árið 1928 á grundvelli samnings sem gerður var árið áður, án mikils ágreinings. Skjölín sem Danir afhentu Íslendingum þetta ár eru varðveitt í Þjóðskjalasafni. Þar kallast þessi afhending einfaldlega Danska sendingin 1928. Um var að ræða gagnkvæm skjalaskipti en dönsk stjórnvöld afhentu þó miklu meira magn af skjölum en íslensk stjórnvöld létu af hendi.

Skjölín sem afhent voru Þjóðskjalasafni Íslands árið 1928 voru úr Ríkisskjalasafni Danmerkur, Konungsbókhlöðunni, safni Árna Magnússonar og frá Hæstarétti Danmerkur. Þar er að finna margar grundvallarheimildir um sögu Íslands á fyrri oldum. Eins og fyrr segir afhentu Íslendingar Dönum á sama tíma skjöl frá Íslandi en um óverulegt magn var að ræða. Og það voru reyndar skjalabækur sem Ísland hafði fengið umyrðalaust frá Danmörku þegar Íslendingar fengu heimastjórn árið 1904, það er að segja fengu framkvæmdavalda í eigin málum.

Skjalakröfur á hendur Dönum voru settar fram með vísan í mikilvægi þess að sögulegar heimildir um Ísland ætti að varðveita hér á landi. Sjálfstæðisbaráttá Íslendinga sló auðvitað tón-

inn. Eftir að Íslendingar urðu fullvalda þjóð með sambandslagasammingi Dana og Íslendinga árið 1918 varð krafra Íslendinga um að þessi gögn væru afhent þeim sterkari og jafnframt hefur sanngirni hennar orðið ljósari í hugum Dana. Því fór svo að samningaviðræðunum lauk á afar farsælan hátt fyrir Íslendinga og verður að teljast Dönum til mikils sóma og öðrum þjóðum til eftirbreytni.

Í þessari bók er að finna umfjöllun um forsendur og innihald Dönsku sendingarinnar 1928 ásamt sýnishornum af skjölum úr sendingunni. Mörög skjalanna eru meðal mestu dýrgripa í Þjóðskjalasafni Íslands. Má þar nefna manntalið 1703 sem varðveitt er í skjalasafni Rentukammers í Þjóðskjalasafni og var tekið á lista UNESCO yfir Minni heimsins árið 2013.

Í tilefni af 100 ára afmæli fullveldis íslensku þjóðarinnar og 90 ára afmælis Dönsku sendingarinnar er þessi bók út gefin. Hún er bæði á íslensku og dönsku eins og Sambandslagasamningurinn frá 1918. Uppsetning textanna er með sama hætti.

Öllum sem komu að gerð þessarar bókar færí ég innilegar þakkir fyrir framúrskarandi vinnu.



Eiríkur G. Guðmundsson
Þjóðskjalavörður



FORORD

Vi, der arbejder på arkiver, er klar over, hvor kompleks en rolle arkivalier spiller, og hvor vigtige de er. Arkivalier kan have en administrativ rolle, de spiller en historisk rolle, og man må ikke negligerere deres følelsesmæssige værdi, som kan have forskellig baggrund. Aktørerne kan være stater, folk, områder, grupper eller enkeltpersoner. Og historien viser, at der længe har været stridigheder om retten til at opbevare og eje arkivalier.

Der er mange eksempler på, at arkivalier med oprindelse i ét land af forskellige grunde befinner sig i et andet land. For at kunne regere deres lande eller kolonier måtte de gamle kongolomeratstater dokumentere deres administration og registrere deres undersåtter. På den måde blev der opsamlet en stor mængde informationer i kongolomeratstaternes central-administrationer, informationer af betydning for lande og folk, som nu er selvstændige, og som på den baggrund stiller krav om at få overdraget arkivalier, der vedrører dem selv. Det er også kendt, at arkivalier efter krigshandlinger er transporteret fra et land til et andet. I mange lande har krav om ændring af arkivaliers placering, om overdragelse af arkiver, ikke ført til noget. Disse sager er ofte komplicerede, og det kan tage lang tid at behandle dem og finde løsninger.

Island har sådan en historie om arkivkrav, for det var en fast del af det danske rige i århundreder og indtil et stykke ind i 1900-tallet. På grund af denne forbindelse samledes naturligvis mange informationer om Island i det danske riges centrum, i København. Det gælder både dokumenter, der havde deres oprindelse i Island, og dokumenter, der havde deres oprindelse i regeringskontorerne i rigets hovedstad. Ud over kravene om arkivalier fra administrationsapparatet må man nævne den

kendteste sag; Islands krav om at få overdraget håndskrifter fra Det Kongelige Bibliotek og Den Arnamagnæanske Samling i København, der var kommet fra Island til Danmark igennem århundreder. Den sag blev efter mange årtiers kamp fra Islands side afsluttet med en aftale mellem Island og Danmark i 1961. Ifølge den blev en stor del af de islandske håndskrifter overdraget fra Danmark til Island i perioden 1971–1997.

En anden sag, som færre kender, men som ikke desto mindre er interessant, er udvekslingen af arkivalier mellem Island og Danmark, der foregik i 1928 på grundlag af en aftale fra året før, og som stort set blev indgået i enighed. Arkivalierne, som Danmark overdrog til Island det år, befinner sig nu i Islands Nationalarkiv. Der kaldes den simpelthen *Den Danske Aflevering 1928*. Det drejede sig om en gensidig udveksling af arkivalier, hvor det danske bidrag dog var betydelig større, end hvad Island overdrog til Danmark.

Arkivalierne, der blev overdraget til Islands Nationalarkiv i 1928, kom fra Danmarks Rigsarkiv, Det Kongelige Bibliotek, Den Arnamagnæanske Samling og Danmarks Højesteret. Afleveringen rummer mange grundlæggende kilder til Islands historie i ældre tid. Island overdrog samtidig til Danmark arkivalier, som dog udgjorde en ubetydelig mængde, og det var rent faktisk arkivprotokoller, som Island uden videre havde modtaget fra Danmark ved indførelsen af hjemmestyret i 1904, da Island fik administrativ magt over egne forhold.

Kravene over for Danmark om arkivalier blev fremsat under henvisning til betydningen af, at historiske kilder om Island burde opbevares i landet. Islands selvstændigheds Kamp gav

naturligvis tonen. Efter at Island var blevet en suveræn nation med forbundslovstraktaten mellem Danmark og Island i 1918, blev det islandske krav om overdragelse af disse kilder kraftigere, og samtidig er rimeligheden af det fremtrådt klarere i Danmark. Forhandlingernes udfald blev yderst gunstigt for Island, og det må siges, at det har været til stor hæder for Danmark og et forbillede for andre lande.

Denne bog indeholder en behandling af baggrunden for og indholdet af *Den Danske Aflevering 1928* samt prøver på dokumenter fra overdragelsen. Mange af dokumenterne hører til blandt Islands Nationalarkivs største klenodier. Her kan nævnes Folketællingen 1703, som findes i Rentekammerets arkiv i Nationalarkivet og er opført på UNESCO Verdensarvsliste i 2013.

Denne bog er udgivet i anledning af 100-års jubilæet for Islands suverænitet og 90-års jubilæet for den danske aflevering. Bogen er både på islandsk og dansk lige som den dansk-islandske forbundslov 1918. Teksterne vises på samme måde.

Alle, som har haft med denne bogs tilblivelse at gøre, sender jeg inderlig tak for et fremragende arbejde.



Eiríkur G. Guðmundsson
Nationalarkivar



SKJALAKRÖFUR ÍSLENDINGA

– Um aðdraganda og eftirmála dönsku
sendingarinnar 1928

Njörður Sigurðsson

Þjóð vaknar af dvala

Fyrstu kröfur um skil á handritum og skjölum frá Danmörku til Íslands má rekja til ársins 1837 er Steingrímur Jónsson, biskup yfir Íslandi, óskaði eftir fá aftur skjöl úr skjalasafni biskups, eða afrit af þeim, sem Árni Magnússon hafði fengið að láni tweimur öldum fyrr. Þrátt fyrir beiðni biskups varð ekki af afhendingu skjalanna.¹ Það sem eftir lifði af 19. öldinni fóru kröfur Íslendinga til skjala sinna og handrita ekki hátt. Valdimar Ásmundsson, ritstjóri *Fjallkonunnar*, minnti þó á það árið 1887 að í Danmörku væru handrit, skjöl og gripir sem höfðu verið færð frá Íslandi til Danmerkur á öldum áður og jafnvel á síðustu áratugum, oft í heimildaleysi að mati Valdimars.² Í greininni má kenna viðhorfa sem voru einkennandi fyrir sjálfstæðisbaráttu Íslendinga á 19. öld og fyrri hluta 20. aldar þar sem afstaðan til Dana, og jafnvel andúð á þeim varð þungamiðjan í stjórnmálaumræðunni. Í slíku andrúmslofti voru skjalakröfur á hendur Dönum settar fram og í raun má segja að viðhorfið til Dana og þau skref, sem tekin voru í átt til sjálfstæðis á 19. og 20. öld, hafi ávallt verið í bakgrunni í allri umræðu um skjalakröfurnar. Jafnvel mátti merkja þessi viðhorf í baráttu Íslendinga fyrir því að fá handrit úr safni Árna Magnússonar frá Danmörku eftir að Ísland varð lýðveldi og að fullu sjálfstætt ríki árið 1944. Var m.a. litið á afhendingu fyrstu handritanna

ISLANDSKE KRAV OM DOKUMENTER

– Om anledningen og efterspillet til
Den Danske Aflevering 1928

Njörður Sigurðsson

Et folk vågner til dåd

De første krav om overdragelse af håndskrifter og dokumenter fra Danmark til Island kan dateres til 1837, da Islands biskop, Steingrímur Jónsson, anmodede om at få tilbageleveret dokumenterne fra bispestolens arkiv, eller kopier af dem, som Árni Magnússon havde lånt 200 år tidligere. Trods biskoppens anmodning blev overdragelsen af dokumenterne ikke til noget.¹ I resten af 1800-tallet blev der ikke skrevet meget om Islands krav på dets dokumenter. Redaktøren for tidsskriftet *Fjallkonan*, Valdimar Ásmundsson, nævnte i 1887, at der i Danmark befandt sig håndskrifter, papirer og klenodier, som var bragt fra Island til Danmark i ældre tid og endog i de seneste årtier, tit uden tilladelse efter Valdimar Ásmundssons mening.² I artiklen kan man finde synspunkter, der var karakteristiske for Islands selvstændighedskamp i 1800-tallet og første halvdel af 1900-tallet, hvor holdningen og ligefrem antipati mod Danmark var omdrejningspunktet i den politiske debat. I denne stemning blev kravene om dokumenter fremsat over for Danmark, og man må vel sige, at holdningen til Danmark og de skridt, der blev taget i retning af selvstændighed i 1800- og 1900-tallet, altid har ligget bag al debat om kravene om dokumenter. Man kunne endog mærke denne holdning i Islands kamp for at få håndskrifterne fra Árni Magnússons

1 Halldór Hermannsson: „Handritamálið.“ *Skírnir* 103 (1929), bls. 1-35, á bls. 16. – Sigrún Davíðsdóttir: *Håndskriftsagens Saga – politisk belysning*. Odense 1999, bls. 25.

2 [Valdimar Ásmundsson]: „Missir dýrgripa úr landi.“ *Fjallkonan* 19. nóvember 1887, bls. 135.

1 Halldór Hermannsson: „Handritamálið.“ *Skírnir* 103 (1929), s. 1-35, på s. 16. – Sigrún Davíðsdóttir: *Håndskriftsagens Saga – politisk belysning*. Odense 1999, s. 25.

2 [Valdimar Ásmundsson]: „Missir dýrgripa úr landi.“ *Fjallkonan* 19. november 1887, s. 135.



Hannes Þorsteinsson (1860-1935) þjóðskjalavörður. Ljósmynd. Þjóðminjasafn Íslands. Nationalarkivar Hannes Þorsteinsson (1860-1935). Foto Islands Nationalmuseum.

árið 1971 sem táknræn endalok sjálfstæðisbaráttunnar.³

Kröfur um endurheimt íslenskra skjala og handrita til Íslands verður einnig að setja í samhengi við uppbyggingu innviða samfélagsins í átt að sjálfstæðu ríki. Strax á fyrstu árum heimastjórnarinnar, sem til starfa tók 1. febrúar 1904, var ýmsum framfaraverkefnum hrint í framkvæmd. „Það var alveg eins og þjóðin væri að vakna úr dvala og fyndi til eigin máttar, þegar stjórnin færðist inn í landið“ svo vitnað sé í orð Agnars Klemensars Jónssonar, sendiherra og ráðuneytisstjóra, í bók hans um Stjórnarráð Íslands.⁴

- 3 Guðmundur Hálfdanarson: „Handritamálið – endalok íslenskrar sjálfstæðisbaráttu.“ *Gripila XIV* (2003), bls. 175-196, á bls. 175.
- 4 Agnar Kl. Jónsson: *Stjórnarráð Íslands 1904-1964*. Seinna bindi. Reykjavík 1969, bls. 552.

samling overdraget fra Danmark, efter at Island var blevet en republik og en fuldstændig selvstændig stat i 1944. Man så bl.a. overdragelsen af de første håndskrifter i 1971 som et symbol på afslutningen af selvstændighedskampen.³

Kravene om tilbagelevering af islandske dokumenter og håndskrifter til Island må også ses i sammenhæng med opbygningen af samfundsstrukturen i retning af en selvstændig stat. Straks i de første år af hjemmestyret, som blev indført den 1. februar 1904, blev der iværksat forskellige progressive projekter. „Det var fuldstændig, som om nationen begyndte at vågne fra en dvale og kunne mærke sin egen kraft, da regeringen kom ind i landet,“ for at citere ambassadør og departementschef Agnar Klemens Jónsson i hans bog om Islands Administration.⁴

Kravene om arkivalier i 1907

I Altinget blev der i 1907 vedtaget et forslag til en tingbeslutning fra senere nationalarkivar Hannes Þorsteinsson om, at myndighederne skulle tage skridt til, at Danmark overdrog til Island alle de dokumenter og håndskrifter fra embeder og institutioner, som Árni Magnússon 200 år tidligere havde lånt og ikke tilbageleveret.⁵ I sin forelæggelse nævnte Hannes Þorsteinsson endvidere, at man burde forsøge at anmode om flere dokumenter angående Island fra Danmark, f.eks. fra Rigsarkivet.⁶ Tingbeslutningen blev vedtaget enstemmigt, og det blev overdraget til nationalarkivar Jón Þorkelsson at udarbejde en redegørelse for, hvilke officielle islandske arkivalier der måtte befinde sig i Den Arnamagnæanske Samling.⁷

3 Guðmundur Hálfdanarson: „Handritamálið – endalok íslenskrar sjálfstæðisbaráttu.“ *Gripila XIV* (2003), s. 175-196, på s. 175.

4 Agnar Kl. Jónsson: *Stjórnarráð Íslands 1904-1964*. Seinna bindi. Reykjavík 1969, s. 552.

5 *Alþingistíðindi A* 1907, s. 1149.

6 *Alþingistíðindi B* 1907, sp. 2887. – Sigfús Haukur Andrésson: *Þjóðskjalasafn Íslands. Ágrip af sögu þess og yfirlit yfir heimildasöfn þar*. Ritsafn Sagnfræðistofnunar 1. Reykjavík 1982, s. 37.


7 Jón Þorkelsson: *Skýrsla um skjöl og handrit í safni Árna Magnússonar, sem komin eru úr opinberum skjolasöfnum á Íslandi*. Reykjavík 1907. – Sigfús Haukur Andrésson: *Þjóðskjalasafn Íslands*, s. 37.

Skjalakröfur árið 1907

Á Alþingi var árið 1907 samþykkt þingsályktunartillaga Hannesar Þorsteinssonar, síðar þjóðskjalavarðar, að stjórnvöld gerðu ráðstafanir til þess að Danir skiluðu til Íslands öllum þeim skjölum og handritum embætta og stofnana sem Árni Magnússon hafði tveimur öldum fyrr fengið að láni en ekki skilað aftur.⁵ Í framsöguræðu sinni nefndi Hannes jafnframt að reynandi væri að óska eftir fleiri skjölum frá Danmörku er vörðuðu Ísland, t.d. frá Ríkisskjalasafninu.⁶ Þingsályktunartillagan var samþykkt samhljóða og var Jóni Þorkelssyni þjóðskjalaverði falið að vinna skýrslu um hvaða opinberu íslensku gögn væri að finna í Árnasafni.⁷ Árangur þessarar kröfus varð þó enginn og virðist sem þetta mál hafi fallið í skuggann af deilum Íslendinga og Dana um samband ríkjanna.⁸

Skjalaskiptasamningur árið 1927

Hreyfing komst ekki aftur á málið fyrr en nokkru eftir að sambandslagasamningur var gerður árið 1918 og deilur um samband Íslands og Danmerkur höfðu hjaðnað.⁹ Þingályktunartillaga var samþykkt árið 1924 um að ríkisstjórnin gerði ráðstafanir til þess að endurheimta skjöl og handrit sem enn væru á söfnum í Kaupmannahöfn.¹⁰ Í umræðum um tillöguna á þingi var vísað til þess að Íslendingar ættu fullan rétt á að fá handrit og skjöl sem Árni Magnússon hefði fengið að láni á sínum tíma. Auk þess var bent á að Konungsbókhlaðan og háskólabókasafnið, sem hýstu mikið af íslenskum skjölum og handritum, væru nálgægt aðalherstöð Dana í miðri Kaupmannahafnarborg og þess vegna gætu þau verið í mikilli hættu ef strið brytist út.¹¹



Stjórnarskráin 1874. Hún ásamt öðrum skjölum Dönsku stjórnardeildarinnar var afhent til Danmerkur árið 1928, en kom aftur árið 2003. Ljósm. bl.

Islands grundlov 1874. Den blev sammen med andre arkivalier fra det islandske ministerium overdraget til Danmark i 1928, men kom tilbage i 2003. Foto NI.

Der kom imidlertid intet ud af dette krav, og tilsyneladende er sagen blev overskygget af striden mellem Island og Danmark om forholdet mellem landene.⁸

Aftale om udveksling af arkivalier i 1927

Der kom først gang i sagen igen nogen tid efter, at traktaten om forbundsloven var indgået i 1918, og stridighederne om forholdet mellem Island og Danmark var faldet til ro.⁹ Der blev vedtaget en tingbeslutning om, at regeringen tog skridt til at få overdraget dokumenter og håndskrifter, som stadig befandt sig i arkiver og biblioteker i København.¹⁰ I debatten

5 Alþingistíðindi A 1907, bls. 1149.

6 Alþingistíðindi B 1907, dl. 2887. - Sigfús Haukur Andréesson: *Þjóðskjalasafn Íslands. Ágrip af sögu þess og yfirlit yfir heimildasöfn þar*. Ritsafn Sagnfræðistofnunar 1. Reykjavík 1982. bls. 37.

7 Jóni Þorkelsson: *Skýrsla um skjöl og handrit í safni Árna Magnússonar, sem komin eru úr opinberum skjalasöfnum á Íslandi*. Reykjavík 1907. - Sigfús Haukur Andréesson: *Þjóðskjalasafn Íslands*, bls. 37.

8 Sigfús Haukur Andréesson: *Þjóðskjalasafn Íslands*, bls. 38. - Alþingistíðindi B 1909 II, dl. 1993.

9 Sigfús Haukur Andréesson: *Þjóðskjalasafn Íslands*, bls. 38.

10 Alþingistíðindi A 1924, bls. 634.

11 Alþingistíðindi D 1924, dl. 33-46.

8 Sigfús Haukur Andréesson: *Þjóðskjalasafn Íslands*, s. 38. - Alþingistíðindi B 1909 II, sp. 1993.

9 Sigfús Haukur Andréesson: *Þjóðskjalasafn Íslands*, s. 38.

10 Alþingistíðindi A 1924, s. 634.

Hannesi Þorsteinssyni, sem þá hafði nýlega tekið við embætti þjóðskjalavarðar eftir látt Jóns Þorkelssonar, var falið að veita umsögn um málið. Bentí hann á fyrrgreinda skýrslu Jóns um opinber skjöl í Árnasafni og lagði jafnframt áherslu á að Íslendingar ættu réttmæta eignarheimild á fjölda skjala í Ríkisskalasafni Dana er vörðuðu íslensk málefni, og hvatti hann stjórnvöld til aðgerða: „Fyrir sögu landsins á síðari öldum eru heimildir þessar algerlega ómissandi, en Danir hafa í rauninni ekkert við þær að gera. Sem sjálfstætt ríki eignum vér nú heimtingu á þeim úr Ríkisskalasafninu.“¹² Þessi orð Hannesar endurspeglar betur en nokkuð annað viðhorf Íslendinga til málsins. Sem dæmi um skjöl úr Ríkisskalasafni Dana nefndi Hannes manntöl, jarðabækur, verslunarskjöl og embættiskjöl er vörðuðu stjórn Íslands fyrir 1848. Áskorun hans varð m.a. til þess að íslensk stjórnvöld gerðu ekki einungis kröfu um að skjölum, sem Árni Magnússon hafði fengið að láni á sínum tíma, yrði skilað heldur einnig að skjöl fengjust afhent er vörðuðu íslensk málefni úr Ríkisskalasafni Danmerkur.¹³

Að þessu sinni tóku Danir kröfum Íslendinga betur en áður og úr varð að dansk-íslensku ráðgjafanefndinni, sem komið var á fót samkvæmt sambandslagamáningnum 1918, var falin meðferð málsins. Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar árið 1924 en að mestu sumarið 1925. Nefndin fikk ýmsa sérfræðinga til ráðgjafar. Af hálfu Íslands Hannes Þorsteinsson, þjóðskjalavörð og frá Danmörku Kristian Erslev, fyrrum ríkisskalavörð, og Laurs Laursen, ríkisskalavörð. Auk þess komu ýmsir aðrir sérfræðingar frá báðum löndum að málinu. Samkomulag um skjalakröfurarnar náðist í grundvallaratriðum í lok sumars 1925. Samningur var þó ekki undirritaður fyrr en 15. október 1927 og fór afhending skjala fram árið 1928.¹⁴

Í öllum sammingaviðræðunum var það viðhorf Dana að skjöl, sem væru jafnmikilvæg báðum löndum, yrðu ekki látin af hendi heldur aðeins það sem snerti Ísland að mestu eða öllu leyti. Vegna þessa var engum verslunarskjölum skilað þar sem

om forslaget i tinget henviste man til, at Island havde fuld ret til at få overdraget håndskrifter og dokumenter, som Árni Magnússon i sin tid havde lånt. Desuden påpegede man, at Det Kongelige Bibliotek og Universitetsbiblioteket, som rummede mange islandske dokumenter og håndskrifter, lå tæt ved Danmarks vigtigste militærforlægning i centrum af København, og de derfor kunne være i stor fare, hvis der udbød krig.¹¹

Hannes Þorsteinsson, som på det tidspunkt for nylig havde overtaget embedet som nationalarkivar efter Jón Porkelssons død, fik til opgave at skrive en udtalelse om sagen. Han henviste til Jón Porkelssons ovennævnte redegørelse om officielle dokumenter i Den Arnamagnæanske Samling og lagde endvidere vægt på, at Island med rette havde ejendomsret over en mængde dokumenter i Danmarks Rigsarkiv, som angik islandske forhold, og opfordrede myndighederne til handling: “For landets historie i de senere århundreder er disse kilder aldeles umistelige, og Danmark har rent faktisk ikke noget at gøre med dem. Som en selvstændig stat har vi nu krav på dem fra Rigsarkivet.”¹² Disse ord fra Hannes Þorsteinsson afspejler bedre end noget andet den islandske holdning til sagen. Som eksempel på arkivalier fra Danmarks Rigsarkiv nævnte Hannes Þorsteinsson mandtal, jordbøger, handelsdokumenter og embedsskrivelser angående landets styre før 1848. Hans opfordring føgte bl.a. til, at de islandske myndigheder ikke alene gjorde krav på tilbagelevering af dokumenter, som Árni Magnússon i sin tid havde lånt, men også, at man fik overdraget arkivalier om islandske forhold fra Danmarks Rigsarkiv.¹³

Denne gang var man fra dansk side mere imødekommen end tidligere, og resultatet blev, at behandlingen af sagen blev overdraget til det dansk-íslandske rådgivende nævn, der var oprettet ifølge forbundslovstraktaten i 1918. Sagen blev behandlet på nævnets møder i 1924 og mest i sommeren 1925.

12 ÞÍ. Stj.Í. I, Db. 7, nr. 973. Bréf Hannesar Þorsteinssonar þjóðskjalavarðar til Dóms- og kirkjumálaráðuneytis dags. 24. júlí 1924.

13 Sigfús Haukur Andréesson: *Þjóðskjalasafn Íslands*, bls. 38.

14 Stjórnartíðindi A 1927, bls. 201. - Sigfús Haukur Andréesson: *Þjóðskjalasafn Íslands*, bls. 39.

11 Alþingistíðindi D 1924, sp. 33-46.

12 ÞÍ. Stj.Í. I, Db. 7, nr. 973. Brev fra nationalarkivar Hannes Þorsteinsson til Justitsministeriet af den 24. juli 1924.

13 Sigfús Haukur Andréesson: *Þjóðskjalasafn Íslands*, s. 38.

um var að ræða skjöl er vörðuðu verslun Dana á Íslandi.¹⁵ Þá var ekki heldur skilað handritum úr Árnasafni og Konungsþókhlöðu nema fornbréfum sem voru hluti af opinberum íslenskum skjalasöfnum. Þeirri sögu lauk í raun og veru ekki fyrr en árið 1971 þegar íslenskum handritum var skilað aftur til Íslands eftir mikla baráttu.¹⁶

Athyglisvert er að samkomulag varð um gagnkvæm skjala-skipti milli þjóðanna, en ekki einungis um afhendingu skjala frá Danmörku til Íslands eins og upphaflegu kröfurnar voru um. Hannes Þorsteinsson, þjóðskjalavörður, segir í avisögu sinni að það hafi verið að frumkvæði Jóns Magnússonar, forsetirsáðherra, að bjóða Dönum skjöl í skiptum og hafi hann talið að það liðkaði fyrir samningum.¹⁷ Rök Dana voru þau að þeir töldu sig þurfa að hafa skjöl er vörðuðu yfirstjórn Íslandsmála.¹⁸ Danir fengu því aftur bréfabækur, bréfaskrár og tillögubækur úr hinni svokölluðu Íslensku stjórnardeild, en það var dönsk stofnun sem hafði með íslensk málefni að gera og starfaði á árunum 1848-1904 þegar Stjórnarráð Íslands var stofnað. Skjalasafn Íslensku stjórnardeildarinnar hafði verið afhent til Íslands við stofnun Stjórnarráðsins svo að hin nýja íslenska stjórnarskrifstofa hefði tiltæk skjöl er vörðuðu stjórn landsins síðustu áratugi. Voru skjöl Íslensku stjórnardeildarinnar varðveitt í Stjórnarráðinu allt til ársins 1915 þegar þau voru afhent Þjóðskjalasafni Íslands.¹⁹ Því virðist sem í Danmörku hafi árið 1924 verið önnur sjónarmið um varðveislustað skjalanna en voru tuttugu árum áður þegar þau voru send til Íslands.

Í heimildum má sjá að forystumönnum íslensku þjóðarinnar í þessum samningaviðræðum þótti þeir hefðu gert góðan samning og þau skjöl sem fóru aftur til Danmerkur, væru lítils háttar skiptimynt miðað við hvað fíkkst frá Danmörku.

15 Sigfús Haukur Andréesson: *Þjóðskjalasafn Íslands*, bls. 38-39. - Hannes Þorsteinsson: *Endurminningar og hugleidningar um hitt og þetta er á dagana hefur drifð. Ritoðar af honum sjálfum 1926-1928*. Reykjavík 1962, bls. 379.

16 Betækning vedrørende de i Danmark berorende Íslenske håndskrifter og museumsgenstande. Afgivet af den af Undervisningsministeriet under 13. marts 1947 nedsatte kommission. Kaupmannahöfn 1951. Bls. 67-68. Um handritamálið má lesa í bók Sigrúnar Davíðsdóttur: *Håndskriftsagens Saga – politisk belysning*. Odense 1999.

17 Hannes Þorsteinsson: *Endurminningar*, bls. 379.

18 Sigfús Haukur Andréesson: *Þjóðskjalasafn Íslands*, bls. 39.

19 Bjarni Vilhjálmsson: „Um Þjóðskjalasafn Íslands og héraðsskjalasöfn.“ *Árbók Landsbókasafns Íslands* 27 (1970), bls. 109-120, á bls. 114.

Nævnet fik forskellige specialister som rådgivere, fra Islands side nationalarkivar Hannes Þorsteinsson og fra Danmark forhenværende rigsarkivar Kristian Erslev og rigsarkivar Laurs Laursen. Desuden blev forskellige specialister fra begge lande inddraget i sagen. Man opnåede grundlæggende enighed om kravene om arkivalier i slutningen af sommeren 1925. Aftalen blev dog først underskrevet den 15. oktober 1927, og overdragelserne af arkivalierne fandt sted i 1928.¹⁴

I alle forhandlingerne havde man fra dansk side det synspunkt, at arkivalier, der var lige vigtige for begge lande, ikke skulle overdrages, kun hvad der i overvejende grad eller fuldstændig angik Island. Af den grund blev der ikke overdraget dokumenter om handelen, eftersom det drejede sig om dokumenter, der angik den danske handel i Island.¹⁵ Endvidere blev der ikke overdraget andre håndskrifter fra Den Arnamagnæanske Samling og Det Kongelige Bibliotek end diplomerne, der indgik i officielle arkiver. Den historie sluttede faktisk først i 1971, da der efter en langvarig islandsk kamp opnåedes enighed om overdragelse af de islandske håndskrifter til Island.¹⁶

Det er bemærkelsesværdigt, at man nåede til enighed om gensidig udveksling af arkivalier mellem landene, ikke blot om overdragelse af arkivalier fra Danmark til Island, som de oprindelige krav gik ud på. Nationalarkivar Hannes Þorsteinsson skriver i sine erindringer, at det var på initiativ af statsminister Jón Magnússon, at man tilbød Danmark arkivalier i bytte, idet han mente, at det ville virke befordrende for en aftale.¹⁷ Fra dansk side var argumenterne imidlertid, at man mente, at man havde brug for arkivalier angående administrationen af de islandske forhold.¹⁸ Danmark fik således

14 Stjórnartíðindi A 1927, bls. 201. - Sigfús Haukur Andréesson: *Þjóðskjalasafn Íslands*, bls. 39.

15 Sigfús Haukur Andréesson: *Þjóðskjalasafn Íslands*, s. 38-39. - Hannes Þorsteinsson: *Endurminningar og hugleidningar um hitt og þetta er á dagana hefur drifð. Ritoðar af honum sjálfum 1926-1928*. Reykjavík 1962, s. 379.

16 Betækning vedrørende de i Danmark beroende Íslenske håndskrifter og museumsgenstande. Afgivet af den af Undervisningsministeriet under 13. marts 1947 nedsatte kommission. København 1951, s. 67-68. Om håndskriftsagen kan man læse i Sigrún Davíðsdóttir: *Håndskriftsagens Saga – politisk belysning*. Odense 1999.

17 Hannes Þorsteinsson: *Endurminningar*, s. 379.

18 Sigfús Haukur Andréesson: *Þjóðskjalasafn Íslands*, s. 39.



Færþegaskipið Gullfoss. Dánska sendingin kom með skipinu til Íslands 1928. Ljósm. Héraðsskjalasafnið á Ísafirði.
Passagerskibet Gullfoss. Den Danske Aflevering kom til Island med skibet i 1928. Foto Regionalarkivet i Ísafjörður.

Í ævisögu sinni sagði Hannes Þorsteinsson, þjóðskjalavörður, svo frá þessum skjalaskiptum:

Verður það engin lítilsháttar aukning við Þjóðskjalasafnið, þótt safnið verði að láta af hendi nokkrar bréfabækur 1848-1904.

En þess ber að gæta að vér höfum eftir samrit af öllu efni þeirra, þótt ekki sé jafnhandhægt til notkunar, en það bætir að mestu upp missi þessara bóka, sem oss verður því ekki tilfinnanlegur, sízt í samanburði við hinn geysimikla og margfalt þýðingarmeiri heimildaviðauka, er vér fáum í staðinn, alla leið frá 1500 til miðbiks 19. aldar, að ógleymendum hæstaréttarskjónum (dómsskjölum í íslenzkum málum), er vér höfum fengið til 1920, að hæstiréttur Dana hætti að vera æðsti dómstóll landsins.²⁰

Alls voru með skjalaskiptasamningnum frá 1927 afhent úr Ríkisskjalasafni Danmerkur 830 skjalabækur og skjalapakkar varðandi Ísland og íslensk málefni mest frá 16. öld til miðrar 19. aldar. Úr Konungsbókhlöðu voru afhentar Alþingisbækur og aðrar embættisbækur, alls um 20 bindi. Úr Árnasafni um 700 íslensk skinnbréf og þrjár skinnbækur. Auk þess voru afhent frá Hæstarétti Danmerkur dómsskjól í íslenskum mál-

tilbage kopibøger, journaler og betækningsprotokoller fra det såkaldte islandske departement/ministerium, som var afdelingen af den danske administration, der havde med islandske forhold at gøre, og som fungerede fra 1848 til 1904, da Islandsministeriet i Reykjavík blev oprettet. Det islandske ministeriums arkiv var overdraget til Island ved oprettelsen af Islandsministeriet, så den nye islandske administration kunne have adgang til arkivalier angående landets styre de seneste årtier. Det islandske ministeriums arkivalier blev opbevaret i Islands regeringsbygning indtil 1915, da de blev overdraget til Islands Nationalarkiv.¹⁹ Det ser altså ud til, at der i Danmark i 1924 har hersket andre synspunkter på arkivaliernes opbevaringssted end tyve år tidligere, da de blev sendt til Island. Af kilderne ses det, at landets ledere i disse forhandlinger syntes, at de havde indgået en god aftale, og at de arkivalier, der kom tilbage til Danmark, var et ubetydeligt bytte for, hvad man fik fra Danmark. I sine erindringer har nationalarkivar Hannes Þorsteinsson skrevet følgende om denne udveksling af arkivalier:

Det bliver ingen ringe tilvækst til Nationalarkivet, selv om arkivet må afgive nogle kopibøger fra 1848-1904. Og man bør tage i betragtning, at vi beholder genparten af alt indholdet i

20 Hannes Þorsteinsson: *Endurminningar*, bls. 383.

19 Bjarni Vilhjálmsson: „Um Þjóðskjalasafn Íslands og héraðsskjalasöfn.“ *Árbók Landsbókasafns Íslands* 27 (1970), s. 109-120, på s. 114.

um allt fram á árið 1921, alls 26 skjalapakkar.²¹ Áætla má að heildarmagn þessara skjala sé um 120 hillumetrar. Skjölin voru send til Íslands í tvennu lagi, í janúar og júní 1928 og hafa verið kölluð *Danska sendingin* 1928.²² Skjöl Íslensku stjórnardeildarinnar voru hins vegar afhent úr Þjóðskjalasafni til Danmerkur í júní 1928.²³

Danska sendingin 1928 er ekki eitt samfellt skjalasafn eða embættisleg heild heldur er um að ræða mörg skjalasöfn, stundum slitrur úr skjalasöfnum eða hluta skjalasafna embættisskrifstofa Danaríkis. Langstærstur hluti kom úr Ríkisskjalasafni Danmerkur. Var það að mestu leyti skjöl sem vörðuðu æðstu stjórn Íslandsmála í Danmörku, elstu skjölin eru frá 1420 og þau yngstu náðu fram á 20. öld. Skjalasöfn æðstu stjórnar ríkisins, sem afhent voru árið 1928 til Íslands, eru úr Leyndarskjalasafni konungs, Kanselli, Kirkjustjórnarráði, Skólastjórnarráði og Rentukammeri.²⁴ Skjalaskrár yfir flest þau söfn er að finna í skjalaskrá Þjóðskjalasafns Íslands sem aðgengileg er á vef þess.

Afhending 2003/2004

Með skjalaskiptasamningnum við Dani árið 1927 voru skjöl Íslensku stjórnardeildarinnar afhent aftur til Danmerkur eins og áður hefur verið nefnt, alls 79 bindi af tillögubókum, bréfabókum og skrám frá árunum 1848-1904.²⁵ Þar á meðal var frumrit fyrstu stjórnarskrár Íslands frá 1874 sem er varðveisitt meðal konungsúrskurða um íslensk málifi 1849-1903 eða í tillögubók (forestillings- og resolutionsprotokol) 1874-1875. Árið 2001 sendi Ólafur Ásgeirsson, þjóðskjalavörður, minnisblað til kollega síns, Johan Peter Noack, á Ríkisskjalasafni Danmerkur með ósk um að skjöl Íslensku stjórnardeildarinnar yrðu afhent aftur til Íslands.²⁶ Samningur var svo undirritaður

dem, selv om det ikke er lige så tilgængeligt i brug, men det er en udmarket erstatning for tabet af disse bøger, som derfor ikke bliver mærkbart, allermindst i forhold til den enorme og betydelig vigtigste tilvækst af kilder, som vi får i stedet, lige fra ca. 1500 til midten af 1800-tallet, for ikke at glemme højesteretsdokumenterne (retsakter i islandske sager), som vi har fået indtil 1920, da Danmarks Højesteret ophørte med at være Islands øverste domstol.²⁰

I alt blev der med aftalen om udveksling af arkivalier fra 1927 fra Danmarks Rigsarkiv overdraget 830 arkivprotokoller og arkivpakker angående Island og islandske forhold, mest fra 1500-tallet til midten af 1800-tallet. Fra Det Kongelige Bibliotek overdroges Altingsprotokoller og andre embedsprotokoller, i alt 20 bind. Fra Den Arnamagnæanske Samling kom der ca. 700 islandske pergamentdiplomer og tre pergamentbøger. Desuden blev der fra Danmarks Højesteret overdraget retsakter i islandske sager helt op til 1921, i alt 26 arkivpakker.²¹ Skønsmæssigt udgør den samlede mængde af disse arkivalier ca. 120 hyldemeter. Arkivalierne blev sendt til Island ad to omgange, i januar og juni 1928, og man har kaldt dem *Den Danske Aflevering* 1928.²² Arkivalierne fra det islandske ministerium i Danmark blev overdraget fra Islands Nationalarkiv til Danmark i juni 1928.²³

Den Danske Aflevering 1928 udgør ikke ét samlet arkiv eller en administrativ helhed. Den består af mange samlinger arkivalier, undertiden brudstykker af arkiver eller dele af Danmarks administrations arkiver. Langt den største del er kommet fra Danmarks Rigsarkiv, og det er overvejende dokumenter angående den danske centraladministrations styre af Islands forhold. De ældste dokumenter er fra 1420, og de yngste er fra op i 1900-tallet. Centraladministrationens arkiver, der blev overdraget til Island i 1928, stammer fra kongens Gehejmearkiv, Danske Kancelli, Kirkeministeriet, Skoleministeriet og

21 Sigfús Haukur Andréesson: *Þjóðskjalasafn Íslands*, bls. 39-40.

22 Þí. Stj. I. Db. 7, 973. Vátryggingarskírteini á bréfum og skjólum úr Árna Magnússonar safni sem sent var með s.s. Gullfossi dags. 7. janúar 1928. – Reikningur vegna flutningsgjalds með e.s. Brúarfossi dags. 22. júní 1928.

23 Þí. Stj. I. Db. 7, 973. Bréf Hannes Þorsteinssonar þjóðskjalavarðar til Stjórnarráðs Íslands dags. 5. júní 1928.

24 Sigfús Haukur Andréesson: *Þjóðskjalasafn Íslands*, bls. 40-47.

25 Þí. Stj. I. Db. 7 nr. 973. Listi yfir skjöl afhent úr Þjóðskjalasafni Íslands samkvæmt samningi um skjalaskipti milli Íslands og Danmerkur dags. 15. október 1927.

26 Þí. Skjalasafn Þjóðskjalasafns Íslands. Bréfalykill 321-5. Pro Memoria til rigsarkivar Johan Peter Noack fra nationalarkivar Ólafur Ásgeirsson 10. september 2001.

20 Hannes Þorsteinsson: *Endurminningar*, s. 383.

21 Sigfús Haukur Andréesson: *Þjóðskjalasafn Íslands*, s. 39-40.

22 Þí. Stj. I. Db. 7, 973. Forsikringspolice for breve og dokumenter fra Den Arnamagnæanske Samling, som blev afsendt med Gullfoss den 7. januar 1928. – Faktura for fragt med Brúarfoss den 22. juni 1928.

23 Þí. Stj. I. Db. 7, 973. Brev fra nationalarkivar Hannes Þorsteinsson til Islands regeringsadministration den 5. juni 1928.



Forsætisráðherrar Danmerkur og Íslands, þeir Anders Fogh Rasmussen og Davíð Oddsson skoða skjalabók við afhendingu skjala Dönsku stjórnardeildarinnar til Íslands árið 2003. Ljósm. þí.

Danmarks og Íslands statsministre, Anders Fogh Rasmussen og Davíð Oddsson, kigger på en arkivprotokol ved overdragelsen til Ísland af det islandske ministeriums arkivalier i 2003. Foto Nl.

milli ríkjanna tveggja 9. apríl 2003. Sama dag fór fram formleg afhending á skjölunum í Safnahúsini við Hverfisgötu, gömlu höfuðstöðvum Þjóðskjalasafns Íslands. Af því tilefni afhenti Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Dana, Davíð Oddssyni, forsætisráðherra Íslendinga, tillögubók Íslensku stjórnardeildarinnar 1874–1875 með frumriti stjórnarskrárinna 1874.²⁷ Hinar 78 bækurnar voru komnar til Íslands 22. janúar 2004.²⁸

Með afhendingu skjala Íslensku stjórnardeildarinnar til Þjóðskjalasafns Íslands lauk 100 ára flakki þessara skjala, þar á meðal var fyrsta íslenska stjórnarskráin.

27 Morgunblaðið 10. apríl 2003, bls. 60.

28 ÞÍ. Skjalasafn Þjóðskjalasafns Íslands. Bréfalykill 321-15. Afrit af bréfi Ríkisskjalasafns Danmerkur til sendiherra Íslands í Danmörku dags. 15. janúar 2004. ÞÍ. Skjalasafn Þjóðskjalasafns Íslands. Afhendingarskrá. Afhending 2004/3.

Rentekammeret.²⁴ Katalogerne over de fleste af disse samlinger findes i Islands Nationalarkivs katalog, som er tilgængelig på dets websted.

Afleveringen 2003/2004

Med udvekslingsaftalen om arkivalier med Danmark i 1927 blev det islandske ministeriums arkiver som oven for nævnt tilbageleveret til Danmark, i alt 79 bind betækningsprotokoller, kopibøger og journaler fra perioden 1848–1904.²⁵ Deriblandt var originaleksemplaret af Islands første grundlov fra 1874, som opbevares blandt kongelige resolutioner om islandske forhold 1849–1903, i forestillings- og resolutionsprotokollen 1874–1875.

I 2001 sendte nationalarkivar Ólafur Ásgairsson et notat til sin kollega Johan Peter Noack i Danmarks Rigsarkiv med ønsket om, at det islandske ministeriums arkivalier igen blev overdraget til Island.²⁶ Der blev derefter underskrevet en aftale mellem de to lande den 9. april 2003. Samme dag fandt den formelle overdragelse af arkivalierne sted i Kulturhuset i Hverfisgata, som var Islands Nationalarkivs gamle hovedsæde. Ved den lejlighed overdrog Danmarks statsminister, Anders Fogh Rasmussen, Islands statsminister, Davíð Oddsson, det islandske ministeriums forestillings- og resolutionsprotokol for 1874–1875, som indeholder originaleksemplaret af grundloven 1874.²⁷ De andre 78 protokoller var kommet til Island den 22. januar 2004.²⁸

Med overdragelsen af det islandske ministeriums arkivalier til Islands Nationalarkiv sluttede disse arkivaliers, derunder den første islandske grundlovs, omstrejfen i 100 år.

24 Sigfús Haukur Andréesson: *Þjóðskjalasafn Íslands*, s. 40–47.

25 ÞÍ. Stj. I. Db. 7 nr. 973. Fortegnelse over dokumenter afleveret fra Islands Nationalarkiv ifølge aftalen mellem Island og Danmark om udveksling af arkivalier af den 15. oktober 1927.

26 ÞÍ. National arkivet, Island. Journal 321-5. Pro Memoria til rigsarkivar Johan Peter Noack fra nationalarkivar Ólafur Ásgairsson 10. september 2001.

27 Morgunblaðið den 10. april 2003, s. 60.

28 ÞÍ. National arkivet, Island. Journal 321-15. Genpart af Danmarks Rigsarkivs brev til Islands ambassadør i Danmark af den 15. januar 2004. – ÞÍ. National arkivet, Island. Accesionsliste. Aflevering 2004/3.

STOFNSKJAL REYNISTAÐAR-KLAUSTURS

Talið er að á Íslandi hafi orðið til 14 klaustur, sum með skamma sögu og litlar heimildir að baki. Elst þeirra er klaustrið í Bæ í Borgarfirði frá því um 1040, yngst klaustrið í Skriðu í Fljótsdal frá árinu 1493. Efnt var til hinna á 12. og 13. öld.

Árið 1295 stofnaði Jörundur Þorsteinsson Hólabiskup nunnu-klaustur af Benediktsreglu á Stað í Reynisnesi í Skagafirði. Þar var kirkja, sem átti hálfa jörðina og tvær jarðir aðrar. Lagði Jörundur hálfan Reynistað til klaustursins og að auki 23 jarðir eða jarðahluta, sem hann hafði keypt fyrir lausafé Hólastaðar. Gerði biskup um það bréf einhvern tímann á árunum 1295–1313 (hugsanlega ekki fyrr en 1299) og staðfesti með innsigli sínu, sem var jafngildi vottfestrar undirritunar á nútíma. Innsiglið, gert af vaxi, stórt og virðulegt en nokkuð skaddað, sýnir biskup í fullum skrúða, sannkallað biskupsinnsigli.

Skjalið er annað elsta, varðveisitta frumskjalið á íslensku. Eldri er Reykjaholtsmáldagi, upphaf hans er talið frá því um 1185, en bæði skjölin eru varðveitt í Þjóðskjalasafni Íslands.

Auðunn Þorbergsson rauði, eftirmaður Jörundar sem Hólabiskup, staðfesti gerninginn með bréfi árið 1315, sem einnig er til í frumgerð sinni með varðveittu innsigli. Raunar þótti Auðuni Jörundur hafa gengið meir á eignir Hólastaðar með gjöfnni en lög leyfðu en létt þó kyrrt liggja.

Björk Ingimundardóttir

DIPLOM OM STIFTELSE AF KLOSTRET PÅ REYNISTAÐUR

Man mener, at der har været stiftet 14 klostre i Island, nogle med en kort historie og få kilder. Det ældste kloster lå i Bær i Borgarfjörður, fra ca. 1040. Det yngste i Skriða i Fljótsdalur fra 1493. De andre er stiftet i 1100- og 1200-tallet.

I 1295 stiftede biskop Jörundur Þorsteinsson i Hólar et nonnekloster af Benediktinerordenen på gården Staður på Reynisnes i Skagafjörður. Der lå en kirke, som ejede halvdelen af gården samt to andre gärde. Biskop Jörundur skænkede klosteret halvdelen af Reynistaður og derudover 23 gärde eller andele af gärde, som han havde købt for bispestolens disponible midler. Biskoppen har oprettet et diplom om det på et tidspunkt mellem 1295 og 1313 (muligvis først i 1299), som han bekræftede med sit segl, hvilket svarede til en bevidnet underskrift i nutidig forstand. Seglet, som er af voks, er stort og ærværdigt, men lidt beskadiget, og viser en biskop i fuldt ornat, et ægte segl for en biskop.

Diplomet er det næstældste bevarede originaldiplom på islandsk. Det ældste er inventariet for Reykjaholt, hvis første del menes at være fra ca. 1185. Begge dokumenter opbevares i Islands Nationalarkiv.

